

Bubbi um Þorpið

Ég hef verið við upptökur undanfarið að taka upp lög fyrir plötu sem kemur út núna í vor. Platan mun heita „Þorpið“ lögin á plötunni mörg hver fjalla að einhverju leiti um horfinn tíma og þá staðreynd að sum þorp eru að hverfa.

Tónlistarstíllinn er afturhvarf í rótina þar sem þjóðlagahefðin svífur yfir vötnum. Sumir myndu jafnvel segja „Kántrý“ þá myndi ég svara humm, kannski rótar kántrý alveg aftur í Woody Guthre. En þetta er smá bland í poka.

Fólkið sem spilar með mér og vinnur þessa plötu er nokkurn veginn það sama og vann með mér „Ég trúí á þig“ ne nú bætist við vinur minn til margra ára, Gummi P. og finnskur harmonikkuleikari, Matti Kallio, tel ég hann klárlega einn þann besta sem hefur spilað hér á landi á nikku en tekið skal fram í þetta sinn að enginn er blástur. Þarna eru líka lög sem fjalla um ótta minn: „Foreldri“. Um sára reynslu okkar hjóna svo dæmi sé tekið. Á þessari plötu spila ég meira á gítar en ég hef gert í áratugi.

Ég fór fyrsta sinn út á land sem ungur maður árið 1973 og í sjö ár þvældist ég þorp úr þorpi og varð aldrei samur eftir það. Í raun þorpin mér óendanlega kær og mikilvæg. Þó svo ég fjalli að einhverju leiti um tíma sem er að hverfa þá fjallar platan líka um voni. Um unga parið sem kýs að vera kyrrt því þau trúa á þorpið sitt. Þorpin okkar hafa mörg hver þurft að taka á sig ótrúlega skelli í áranna rás en flest hafa aðlagð sig og haldið áfram á meðan að önnur eru að hverfa ofan í svörðinn.

Einfaldleikinn var leiðin sem var valin í þetta sinn, en trúið mér, það kostar mikla vinnu og þælingar að gera þannig plötu. Þannig ég enn og aftur að finna hversu heppinn ég er með samstarfsfólk. Daði, Börkur, Kiddi, Ingi Björn, Kristjana Stefáns og Bjarki eru kjarninn sem vinnur þessa plötu og hann er magnaður. Við ákváðum að fara leið, þá leið að taka plötuna upp beint. Allir settu á sinn stað og síðan var talið í og lagið tekið upp. Þannig vinnuferli finnst mér vera frelsi. Ég trúí á augnablikið og fanga galdurinn og mín tilfinning er að þessi plata sé galdur hvað þetta viðkemur.

PS. allt var þetta filmað þannig að DVD diskur mun fylgja með.